**Gjaldskrá leikskóla – frá 1. september 2023**

**Ný gjaldskrá leikskóla tekur gildi 1. september þar sem dvalargjöld verða gjaldfrjáls fyrir dvöl sem er 6 stundir á dag eða skemur.**

**Fæðisgjöld**

| | Fæðisgjöld |
|---|---|
| Hádegisverður | 7.780 |
| Hressing | 2.682 |
| Fullt fæði | 10.462 |

**Gjaldskrá**

| | | Almennt gjald | | |
|---|---|---|---|---|
| Dvalarstundir | Dvalargjald | Með hressingu | Með hádegismat | Með fullu fæði |
| 4,0 | 0 | 2.682 | 7.780 | 10.462 |
| 4,5 | 0 | 2.682 | 7.780 | 10.462 |
| 5,0 | 0 | 2.682 | 7.780 | 10.462 |
| 5,5 | 0 | | 7.780 | 10.462 |
| 6,0 | 0 | | 7.780 | 10.462 |
| 6,5 | 24.154 | | 31.934 | 34.616 |
| 7,0 | 26.012 | | 33.792 | 36.474 |
| 7,5 | 32.512 | | 40.292 | 42.974 |
| 8,0 | 39.012 | | 46.792 | 49.474 |
| 8,5 | 48.012 | | 55.792 | 58.474 |
| 9,0 | 67.012 | | 74.792 | 77.474 |

**Afsláttur af leikskólagjöldum**

**Tekjutengdur afsláttur**

Boðið verður upp á að sækja um tekjutengdan afslátt vegna dvalargjalda í leikskóla frá 1. september 2023. Tekjutengdur afsláttur er 40% af dvalargjöldum. Reglur um tekjutengdan afslátt má finna undir reglum menntasviðs á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Aðrir afslættir verða áfram í boði til áramót en falla þá niður, þ.e. afsláttur fyrir einstæða foreldra, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi og öryrkja með metna örorku (75% eða meira).

Hægt er að sækja um ofangreinda afslætti með því að opna „Umsókn um leikskóla“ í þjónustugátt. Umsókn um tekjutengdan afslátt þarf að berast fyrir 20. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Afslættir eru ekki veittir afturvirkt.

Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og er afsláttur leiðréttur eftirá fyrir hverja önn. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst, nema foreldrar séu í fullu sumarnámi.

**Systkinaafsláttur**

Systkinaafsláttur er 30% af dvalargjaldi fyrir annað barn, en 100% af dvalargjaldi fyrir þriðja barn eða fleiri. Systkinaafsláttur gildir einnig ef yngra systkini fær greidd framlög frá Kópavogsbæ vegna dvalar hjá dagforeldri. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri systkina. Systkinaafsláttur reiknast ofan á aðra afslætti. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum. Ekki þarf að sækja um systkinaafslátt.

**Ný gjaldskrá tekur gildi 1. september 2023**
**Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs, júní 2023**